

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.11.2021

## Fundur 7-2021

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar miðvikudaginn 3. nóvember 2021 kl. 16:30 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

#### 1. Sameiningarmál

- a. Uppgjör verkefnisins Húnvetningur
- b. Erindi frá sveitarfélaginu Skagaströnd

#### 2. Samgöngu- og innviðaaætlun SSNV

3. Framkvæmdaleyfi: Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarveg (74) um Laxá

#### 4. Fundargerðir

- a. Stjórn SSNV 67. fundur dags. 3. júní 2021
- b. Stjórn SSNV 68. fundur dags. 7. september 2021
- c. Stjórn SSNV 69. fundur dags. 5. október 2021

#### 5. Bréf

- a. Húnavatnshreppur dags. 29. október 2021  
Bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps 27. október 2021
- b. Svf. Skagafjörður dags. 12. október 2021  
Stofnun húsnæðissjálfséignarstofnunar vegna byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir fatlað fólk á Blönduósi og Sauðárkróki
- c. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 16. september 2021  
Úttekt á slökkviliði Skagastrandar 2021
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 7. október 2021  
Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022
- e. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 6. október 2021  
Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga
- f. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 11. október 2021  
Breyting á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 14. október 2021  
Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarfélögum
- h. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands dags. 22. október 2021  
Ágóðahlutagreiðsla 2021

#### 6. Fjárhagsáætlun 2022, forsendur

#### 7. Önnur mál

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.11.2021

## Fundur 7-2021

---

### **Afgreiðsla:**

#### **1. Sameiningarmál**

- a. Uppgjör verkefnisins Húnvetningur.  
Fyrir fundinum lá uppgjör vegna vinnu við sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu 2018-2021. Heildarkostnaður við verkefnið var 39.538.926 kr. en heildartekjur verkefnisins voru 36.100.000 kr. Tap verkefnisins var því 3.438.926 kr. sem skiptist milli sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu skv. íbúafjölda 1. janúar 2021. Hlutur Skagabyggðar nemur 167.931 kr. og verður greiddur af eigin fé.
- b. Erindi frá sveitarfélaginu Skagaströnd.  
Fyrir fundinum lá erindi frá Sveitarfélaginu Skagaströnd þar sem óskað var eftir að hefja formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna tveggja í ljósi niðurstaðna skoðanakönnunar sem sveitarfélögin létu gera í lok september.

Í þeirri könnun var hugur íbúa kannaður varðandi að taka upp formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Úrtakið samanstóð af Íslendingum 18 ára og eldri búsettum í sveitarfélögunum Skagabyggð og Skagaströnd sem ekki voru bannmerktir í þjóðskrá.

Spurt var:

*Vilt þú að Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd taki upp formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna?*

#### **Niðurstaða í Skagabyggð:**

Já: 26 þátttakendur eða 48%

Nei: 25 þátttakendur eða 46%

Veit ekki: 2 þátttakendur eða 4%

Vil ekki svara: 1 þátttakandi eða 2%

#### **Niðurstöður á Skagaströnd:**

Já: 194 þátttakendur eða 92%

Nei: 11 þátttakendur eða 5%

Veit ekki: 5 þátttakendur eða 2%

Vil ekki svara: 1 þátttakandi eða 0%

Í ljósi þessara niðurstaðna er eftirfarandi bókað:

*Eftir talsverðar umræður innan sveitarstjórnar Skagabyggðar telur hún ljóst að ekki sé samstaða innan sveitarstjórnar til að hefja formlegar sameiningarviðræður við Sveitarfélagið Skagaströnd.*

*Niðurstöður skoðunarkönnunar í Skagabyggð voru ekki afgerandi og hafði það áhrif á afstöðu sveitarstjórnarmanna.*

#### **2. Samgöngu- og innviðaáætlun SSNV**

Sveitarstjórn fór yfir núgildandi áætlun og skrifaði niður áherslupunkta sem lagðir verða fram á fundi samgöngu- og innviðanefnar SSNV sem haldin verður 18. nóvember næstkomandi.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.11.2021

## Fundur 7-2021

---

### 3.Framkvæmdaleyfi: Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá

Framkvæmdaleyfi lagt fram til kynningar.

### 4.Fundargerðir

- a. Stjórn SSNV 67. fundur dags. 3. júní 2021  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Stjórn SSNV 68. fundur dags. 7. september 2021  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Stjórn SSNV 69. fundur dags. 5. október 2021  
Fundargerð lögð fram til kynningar.

### 5.Bréf

- a. Húnavatnshreppur dags. 29. október 2021  
Bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps 27. október 2021  
Bókun og skýrsla lögð fram til kynningar.
- b. Svf. Skagafjörður dags. 12. október 2021  
Stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar vegna byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir fatlað fólk á Blönduósi og Sauðárkróki.  
Með erindinu er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess að stofna húsnæðissjálfsseignarstofnun sem hefur það að markmiði að standa fyrir uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með lögum þessum skal fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum bjóðast aðrir búsetukostir. Fram kom að umræða hefur farið fram um verkefnið áður og að afstaða framkvæmdaráðs sem starfar skv. gildandi samstarfssamningi um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra sé, að ráðast þurfi í framangreindar úrbætur sem fyrst.  
Sveitarstjórn tekur heilshugar undir að ráðist verði í stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar á grundvelli þess samstarfs sem ríkir um þjónustu við fatlað fólk.
- c. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 16. september 2021  
Úttekt á slökkviliði Skagastrandar 2021  
Úttekt lögð fram til kynningar.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 7. október 2021  
Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022  
Bréf lagt fram til kynningar.
- e. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 6. október 2021  
Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.  
Bréf lagt fram til kynningar.
- f. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 11. október 2021  
Breyting á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga.  
Bréf lagt fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 14. október 2021  
Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarfélögum  
Tafla og bréf lagt fram til kynningar
- h. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands dags. 22. október 2021

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.11.2021

## Fundur 7-2021

---

---

Ágóðahlutagreiðsla 2021.

Ágóðahluti sveitarfélagsins er 73.800 kr. Bréfið er lagt fram til kynningar.

### 6.Fjárhagsáætlun 2022, forsendur

Ákveðið að hækka fasteignaskattsprósentu í 0,45% af álagningastofni.

Ákveðið að hækka sorphirðu- og sorpeyðingargjald í 45.000 kr.

### 7.Önnur mál

Bréf frá kvenfélaginu Heklu þar sem óskað er eftir styrk vegna jólahlaðborðs í desember að upphæð 150.000 kr. Samþykkt að verða við styrkbeiðninni vegna mikilvægis menningarviðburða í sveitinni. Magnús Björnsson sat hjá við afgreiðsluna.

Yfirfara þarf girðingu á Kálfshamarsnesi fyrir veturinn. Kristján Steinar tekur það að sér.

Sveitarstjórn veitir Jóni Helgi Sigurgeirssyni leyfi fyrir sitt leyti til að bera út æti fyrir ref í Ásbúðum í vetur.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson